

Hvað ungur nemur gamall temur



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs 2020

Nafn skóla: Grunnskólinn í Stykkishólmi

Nafn verkefnis: Hvað ungur nemur gamall temur

Nafn verkefnisstjóra: Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir

Númer samnings og ár: UMS-97 2019-2020

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Að efla nemendur í framsögn og lestri, auka orðaforða þeirra og víðsýni. Að gera nemendur hæfari til að ræða það sem þeir lesa, koma hugsunum sínum í orð og virða innsýn annarra. Að hvetja til eigin sköpunar á ýmsan hátt t.a.m. með persónusköpun og spuna.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Komið var á tímum þar sem nemendur í smærri hópum hittu félagi úr Aftanskini, félagi eldri borgara í Stykkishólmi. Hist var í bókasafni bæjarins, farið yfir hugsanlega skemmtilegt lesefni og nemendur sáu um að kenna eldri borgurum á snjalltæki s.s. ípada og snjallsíma. Einnig var komið á tímum þar sem nemendur 10. bekkjar fóru og lásu fyrir nemendur í 1. og 2. bekk, lesefni var valið af eldri nemendum, þeir skiptu því með sér og leiklásu fyrir yngri nemendur.

Tekin var markviss lota í skapandi skrifum. Í upphafi hennar kom Hildur Knútsdóttir og kynnti sig og sín verk fyrir nemendum. Hún fór með þeim í söguuppbyggingu og svaraði spurningum þeirra og tók þátt í vangaveltum um ritun. Nemendur í 9. og 10. bekk skrifuðu smásögur og fengu stöðuga endurgjöf, bæði frá kennara og Hildi. Hluti af sögunum voru lesnar af nemendum á Júlíönnu hátíðinni og fyrir vistmenn á Dvalarheimilinu. Allan veturinn voru nemendur með frjálslestrarbók, eftir lesturinn á henni þurftu þeir að gefa bókinni ritdóm.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Fastir tímar með Aftanskin riðluðust nokkuð, bæði út frá þeirra félagsstarfi og Covid.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Verkefnastjóra var ekki úthlutað föstum tímum í stundatöflu með nemendum til verkefnisins, það gerði alla skipulagningu heldur erfiðari þar sem það varð að taka nemendur út úr öðrum tímum til að sinna verkefninu. Í upphafi var hugsað að tengja verkefnið alveg inn á íslenskutíma en þar sem stundum þurfti að fara með smærri hópá innan hópsins á annan vettvang reyndist það oft flókið ef stuðningsfulltrúi eða annar kennari var ekki til staðar.

Covid setti líka mikið strík í verkefnavinnuna frá mars og til loka.

Mat á verkefninu

Verkefnið fór hægt af stað en varð viðameira jafnt og þétt yfir veturinn. Við aðlöguðum það að breyttum aðstæðum t.d. vegna Covid. Það er öruggt að þessi vinna kveikti áhuga hjá mörgum nemendum bæði til lesturs og skrifa. Samvinna með nemendum og eldri borgurum

mun örugglega halda áfram því það vakti mikla lukku og varð mörgum eldri borgurum björg í Covid ástandinu, þeir gátu t.d. talað við ættingja í myndsímtölum o.s.frv.

Niðurstöður verkefnisins

Eins og áður er sagt fór verkefnið hægt af stað, það var kynnt fyrir nemendum strax í upphafi. Í október má segja að verkefnið hafi verið komið á gott ról. Markmiðin sem sett voru í upphafi náðust að mestu. Nemendur urðu duglegri að lesa og ræða það sem þeir voru að lesa. Ákveðnir nemendur voru mjög duglegir í sköpun og sögugerð. Nemendur öðluðust góða færni í að taka viðtöl við fólk og fá með því efnivið í frekari verkefnagerð.

Það sem náðist ekki var að setja saman smásöguhefti en sögurnar eru til á rafrænu formi og því ekki útilokað að það náist á næsta ári.

Nemendur fluttu verkefni sín fyrir samnemendur, íbúa Stykkishólmi og vistmenn Dvalarheimilisins.


Í lok vetrar voru sýnd þrjú myndbönd sem unnin voru út frá heimildum og frásögum eldri borgara, það voru verkefni um sjúkrahúsið, um Tónlistarskólann og verkefni um uppbyggingu hafnarsvæðisins.

Áætlun um kynningu

Búið er að kynna hluta verksins og hugsanlega verður haldið áfram, t.d. með smásagnahefti og örsögum. Reiknað er með að þessi vinna haldi áfram í einhverju formi.

Rekstrarreikningur

Dagsetning:



undirskrift verkefnisstjóra



undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla

Grunnskólinn
í Stykkishólmi